

**Nr. 18-032 S 021 Sandvíkingur ÁR 14****Vélarvana og dreginn til hafnar**

Skipaskr.nr. 1254  
Útgerð: Hafnarnes VER hf.  
Smíðaður: Seyðisfirði, 1972, stál  
Stærð: 29,36 brl. 28,00 bt.  
Mesta lengd: 17,20 m Skráð lengd: 15,58 m  
Breidd: 4,35 m Dýpt: 2,28 m  
Vél: Scania, 217 kw, 1997.  
Fjöldi skipverja: 2



Sandvíkingur © Vigfús Markússon

**Gögn:**  
Gögn RNSA

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 27. apríl 2018 af Geirprúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrassyni, Pálma K Jónssyni og Hirti Emilssyni

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.*

**Atvikalýsing:**

Þann 28. febrúar 2018 var Sandvíkingur ÁR 14 á siglingu SV af Sandgerði. Veður: S 5 m/s.

Á siglingunni yfirhitnaði vélin og skipstjórinn tilkynnti það til Vaktstöðvar siglinga (VSS). VSS hafði samband við nærstadda báta og kom Grímsnes GK 555 til aðstoðar en gat ekki athafnað sig. Óskaði skipstjóri þess að björgunarskip yrði sent á staðinn. Björgunarskipið Hannes Hafstein sótti bátinn og dró hann til hafnar í Sandgerði.



Bólupangið sem var í kælinum

**Við rannsókn kom fram:**

- að ferskvatnskælir aðalvélar var stíflaður af þangi;
- að engin sía var á lögninni frá botnloka að kælinum heldur aðeins kúpt grófsía sem var rafsóðin yfir utanvert sjóinntakið.

**Nefndarálit:**

Orsök þess að vélin stöðvaðist var að utanaðkomandi óhreinindi stífluðu kælinn.

**Sérstök ábending:**

Nefndin hvetur útgerðina til að setja upp viðeigandi búnað til að hindra að þetta geti endurtekið sig.